

**Ed.**

**796. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkauptún.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 150,000 — eitt hundrað og fimtíu þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar á Siglufirði gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, er matsgjörð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10%

af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnar-  
sjóði Siglufjarðarkauptúns. Landsjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignar-  
kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem um ræðir í grein þessari.

### 3. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram  
neina bryggju eða önnur mannvirki, nje heldur breyta þeim mannvirkjum,  
sem nú eru, og ekki fylla upp nje dýpka út frá landi, nema samþykki  
hreppsnefndar og sýslunefndar komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni  
beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef  
með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af  
hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, er  
ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úr-  
skurð sýslunefndarinnar.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að  
halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 10—200 krónum, og hafnar-  
nefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5  
ár samfleytt og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt, án endur-  
gjalds til eiganda.

### 4. gr.

Þau afskifti, sem sýslunefndir eftir gildandi lögum hafa af hafnarmál-  
um sjerstakra hreppa í sýslufjelaginu, falla burt að því er Hvanneyrarhrepp  
snertir. Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna  
undir yfirumsjón sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

### 5. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd,  
er hreppsnefndin kys til tveggja ára í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 hreppsnefndarmenn og 2 utan hrepps-  
nefndar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Geta þeir  
ekki skorast undan endurkosningu fyr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár  
samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum fram-  
kvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil  
fyrir hönd hreppsnefndar.

### 6. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnar-  
nefndar.

### 7. gr.

Eigum hafnarjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsjóður  
ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins, og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje  
hafnarinnar.

#### 8. gr.

Hreppsnefndin má ekki án samþykkis sýslunefndarinnar selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árs-tekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

#### 9. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðarkauptúns, eins og takmörk hennar eru eða verða ákveðin með reglugjörðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Ljósgjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjulgjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og önnur gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugjörð, er hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps semur, og Stjórnarráð Íslands staðfestir, að fengnum tillögum sýslunefndar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má hreppstjóra Hvanneyrarhrepps innheimtu þeirra.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin 1.—3. lið greinarinnar.

#### 10. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 9. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin með sjerstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutnings- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjórinn í Hvanneyrarhreppi, og fær 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 9. gr., má taka lögtaki.

#### 11. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

#### 12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til ályktunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal rædd á hreppsnefndarfundi og fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist sýslunefndinni til samþykta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

13. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki sýslunefndarinnar þarf til, og skal hún þá senda sýslunefndinni sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki sýslunefndarinnar geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sjer.

14. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis sýslunefndarinnar til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið, nje stofna til tekjuhallans.

15. gr.

Við lok bvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða af 2 endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kys, en úrskurða af sýslunefndinni.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugjörð, þeirri er um ræðir í 9. gr., alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugjörðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37, 2. nóv. 1914 um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.